

## L Ö G

## um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Meðan bæjarstjórn Hafnarfjarðar undanþiggur útgerðarfyrirtæki botnvörpuskipa útsvari, heimilast henni að leggja sérstakt gjald á alla mannflutninga milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, sem sérleyfi er veitt til, og má gjaldið nema allt að 50% af sjálfu fargjaldinu. Gjald þetta rennur í bæjarsjóð Hafnarfjarðar.

## 2. gr.

Sérleyfishafar annast innheimtu gjalds þessa með fargjaldinu, enda sé hverjum farþega afhentur farseðill með tilgreindri heildarupphæð. Farseðlarnir skulu gefnir út af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, sem tekur á móti gjaldinu um leið og farseðlar eru afhentir, þó ekki sjaldnar en mánaðarlega.

## 3. gr.

Sérleyfishafar eru ábyrgir fyrir greiðslu gjaldsins. Þeim er óheimilt að flytja nokkurn mann þessa leið án þess að afhenda honum farseðil með tilgreindu fargjaldi.

## 4. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum frá 100—1000 kr.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til ársloka 1942.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 26. maí 1938.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Skúli Guðmundsson.*